



## Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

### FUNDUR - 10. maí 2005

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 66. fundar þriðjudaginn 10. maí 2005 kl. 17:00 í Félagsheimilinu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

#### Dagskrá:

1. Ársreikningar 2004 - aðalsjóður og fyrirtæki – síðari umræða.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 28. apríl.
3. Fundargerð bæjarráðs frá 4. maí.
4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 27. apríl.
5. Fundargerð jafnréttisnefndar frá 27. apríl.
6. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 28. apríl.
7. Fundargerð fræðslu-, íþróttá- og tómsfundanefndar frá 3. maí.

Forseti bar upp tillögu um að upp verði tekinn liðurinn önnur mál, fundurinn samþykkti það.

#### Afgreiðslur:

1. Ársreikningar 2004 - aðalsjóður og fyrirtæki – síðari umræða. Engar umræður urðu um reikninginn og bar forseti hann undir atkvæði. Ársreikningurinn var samþykktur 7 atkv. samhljóða.
2. Fundargerð 121 fundar bæjarráðs frá 28. apríl sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
3. Fundargerð 122 fundar bæjarráðs frá 4. maí sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina upp. Hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 27. apríl sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin rædd og þá borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
5. Fundargerð jafnréttisnefndar frá 27. apríl sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
6. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 28. apríl sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
7. Fundargerð fræðslu-, íþróttá- og tómsfundanefndar frá 3. maí sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.

#### Önnur mál:

- a) H- listinn tilkynnti að nýr fulltrúi í hafnar- og veitunefnd sé Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, til vara Hjördís Blöndal.
- b) Kynntur var samningur um sölu Hitaveitu Blönduóss til Rarik. Samningurinn var undirritaður í dag með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar og eigenda

Rarik. Umtalsverðar umræður urðu um samninginn sem bæjarfulltrúar tóku allir þátt í, auk bæjarstjóra. Ákveðið var að stefna að íbúafundi til kynningar á samningnum, miðvikudaginn 18. maí kl. 20,00.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:00.

Valgarður Hilmarsson  
Jóna Fanney Friðriksdóttir  
Hjördís Blöndal  
Jóhanna G. Jónasdóttir  
Sigurður Jóhannesson  
Ágúst Þór Bragason  
Valdimar Guðmannsson  
Þórdís Hjálmarsdóttir

Ragnar Ingi Tómasson